

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

Ráðgáta: Glataði Reglubróðir gullhring á Þingvöllum á 18. öld? • 14

Nýr minjagripur Reglunnar • 7

Listaverk í eigu Frímúrarareglunnar • 8

Hver var fyrsti íslenski frímúrarinn? • 10

Tæknin og frímúrarastarfið • 17





Þín verslun
Seljabraut

Fylgist með nýjustu
tilboðunum á

facebook



Nýtt og enn betra
Kjötborð

Höfum ávallt full kjöt- og
fiskborð af nýju og fersku
góðgæti fyrir þig og þína

Heitur matur í hádeginu
alla virka daga

Jólamatur í úrvali

Villibráð s.s. hreindýr, gæs, önd, krónhjörtur, antilópa, fasani og fleira
Hangikjöt, svínabógur, hamborgarhryggur og okkar eigin paté

Persónuleg þjónusta í hlýlegu umhverfi.

Kíktu í heimsókn, við tökum vel á móti þér.

Þín verslun | Seljabraut 54 | sími 557 1780 | Opnunartími: Mán.-fös. 9-21 / lau.-sun. 10-21

pípu

lakk

Allt frá hattí oní skó



Hattar



Treflar

Kjólskyrtur

Hátíðavesti (5 hnappa)



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara

Múrskíð sem bréfa hnífur



Lakkskór (ný tegund)



Bindisprjónn



Erma- og brjósthnappar

Fylgihlutir - Fylgihlutir - Fylgihlutir



Ermahnappar



Smeygur



Ermahnappar



Lindaklemma/
bindisnæla



Grand

RÁÐSTEFNUR OG VEISLUHÖLD

Hjá **Grand Hótel Reykjavík** leggjum við okkur fram um að bjóða bestu og tæknilega fullkomnustu ráðstefnuaðstöðu á landinu.

Á hótelinu er frábær aðstaða fyrir 6–450 manna ráðstefnur, 14 funda- og veislusalir og aðstaða fyrir stórsýningar og stórar og smáar veislur. Fjarfundir og beinar útsendingar.

Grand Hótel Reykjavík / Sigtúni 38 / 105 Reykjavík
Sími 5148000 / Fax 5148030 / www.grand.is / radstefnur@grand.is



Íslenskt handverk.

Tvar Þ. Björnsson.

Básbryggja 51
110 Rvk.
Gsm. 899-9760

8° þykkir.

JB hringar sem eru númeraðir.

Brjósthnappar Sérsmíðaðir.

Brjósthnappar.

Ermahnappar.

Ermahnappar.



Hjá Úlfari

**Er fiskur
of góður fyrir þig?**

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

YAR

Pétur K. Esrason (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (IX)
denni@islandia.is

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (IX)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Ólafur G. Sigurðsson (VI)
olafurs@grantthornton.is

Pétur S. Jónsson (VI)
pedro@medialux.com

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Pór Jónsson (III)
thor@pressan.is

Auglýsingar

Páll Júlíusson (IX)
pj@pj.is

Prófarkalestur

Bragi V. Bergmann (VII)
bragi@fremri.is

Netfang

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar: Frímúrarinn

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar. Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

Forsíðumynd

Ljósmyndari: Guðmundur Skúli Viðarsson.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Kallað til starfa

Pegar fyrstu fundir starfsársins eru boðaðir gleðjast margir frímúrarar. Þótt gott sé að hvílast og eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum yfir sumarið hlakka frímúrarar til haustsins því þá er kallað til starfs á nýjan leik. Og það er venjulega fjölmennt. Ég býð ykkur alla velkomna til starfsins.

Síðastliðið sumar var um margt eftirminnilegt. Á Íslandi var haldinn fundur norrænna Stórmeistara Frímúrarareglna sem starfa eftir sænska kerfinu en slíkir fundir eru haldnir á tveggja ára fresti, til skiptis í löndunum fjórum. Margt bar á góma í umræðum og ýmsar ákvarðanir teknar í kjölfarið. Meðal annars hefur svonefnd Kanslaranefnd lokið starfi sínu en aðalverkefni hennar síðustu áratugi hefur verið að samræma síðabálka Reglnanna fjögurra. Ný nefnd fjögurra manna, Samstarfsnefnd norrænu Reglnanna, verður sett á fót til að samræfa samstarf Reglnanna í framtíðinni. Stórmeistarafundurinn var í alla staði hinn ánægjulegasti og ekki hvað síst voru eftirminnilegar móttökur sem þátttakendur fengu hjá bræðrum okkar í Röðli á Selfossi og Hlé í Vestmannaeyjum.

En ekki varð sumarið jafn ánægjulegt hjá bræðrum okkar í Noregi og Danmörku. Allir vita hvað gerðist í Noregi 22. júlí. Voðaverkið sem þá var framið fyllti allt fólk hryllingi og samúð Íslendinga hefur verið með norsku þjóðinni sem á þessari áttakastundu sýndi aðdáunarverða stillingu. Og íslenskir frímúrararbræður hugsuðu með hlýhug og samúð til norskra bræðra en eins ótrúlegt og það kann að hljóma var gerningsmaðurinn í Útey félagi í norsku Frímúrarareglunni. Hann

gekk í Regluna fyrir fáeinum árum og hafði tekið þriðja stig en allt í allt sótti hann einungis fjóra fundi þann tíma sem hann var félagi. Augljóslega fann hann ekki í Reglunni það sem hann var að leita að og þann 22. júlí vék norski Stórmeistarinn honum umsvifalaust úr Reglunni

eins og Grundvallarlögin heimila honum.

Og í Danmörk urðu einnig ótíðindi. Í byrjun júlímánaðar kom meira regn í Kaupmannahöfn en dæmi eru um. Það orsakaði að inn í danska Regluheimilið flæddi vatn og einnig upp úr niðurföllum. Afleiðingin var að hættulegar bakteríur komust í

loftræstikerfi og bærust um allt hús. Síðan þá hefur húsið verið lokað og þar er nú unnið að hreinsun af sérfræðingum og mun verkinu ekki lokið fyrr en í lok nóvember. Allir fundir í stúkum í Kaupmannahöfn á þessu hausti hafa því verið fluttir í önnur húsakynni í Danmörk og Suður-Svíþjóð. Við vonum að þetta gangi vel og danskir bræður okkar geti hafið störf í sínu glæsilega Regluheimili sem fyrst.

En hjá okkur er spennandi vetur framundan. Stúkuráð og Jóhannesarstúkurnar vinna nú öflugt starf að framkvæmd stefnumótunarinnar fyrir næstu 10 árin. Fræðslustarfsemi hefur sjaldan eða aldrei verið meiri eins og sjá má af Starfsskrá Frímúrarareglunnar. Og framundan er stofnun nýrrar Jóhannesarstúku í Reykjavík en þá verða 25 ár liðin síðan ný Jóhannesarstúka var stofnuð í höfuðborginni. Frímúrarareglan er því í sókn.

Valur Valsson SMR



Valur Valsson.

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfarastjóri



Frímarr Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Langflottastur í lit...

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

nashuatec

Gæðatæki á verði
sem kemur á óvart



Einfaldaðu reksturinn og lækkaðu
rekstrarkostnaðinn með nýrri vél
frá Nashuatec.

Prentaðu/jósritaðu í lit eða
í svart/hvítu, skannaðu og faxaðu
með sömu vélinni.

Hafðu samband við sölumenn okkar
og sjáðu hvað við getum gert fyrir
þitt fyrirtæki.

Fremstir í prentækjum frá 1953

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 588 9000

www.optima.is

Minjagripur Frímúrarareglunar á Íslandi



Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

Útbúinn hefur verið minjagripur sem er tilvalin gjöf til bræðra almennt, þeirra sem eiga stórafmæli, hafa lokið merkum áfanga á frímúrarabrautinni eða erlendra gesta og þá um leið hentugur til gjafa í heimsóknum bræðra til stúkna erlendis.

Minjagripurinn er lágmynd úr bronsi af anddyri Regluheimilisins sem eru höfuðstöðvar Frímúrarareglunnar á Íslandi. Anddyrið er afskaplega fallett, myndrænt og með skírskotun til musteris Salómons og vel fallið til afsteypu. Gripurinn er númeraður, með gati á bakhlið til þess að hengja á vegg, getur legið á borði sem

pappírspressa eða settur á borðstand. Gripurinn kemur í fallegrri gjafaöskju.

SMR hefur ákveðið að söluandvirði minjagripsins renni til Styrktarráðs Reglunnar sem er afar góð hugmynd þar sem það eflir sölu gripsins að bræður viti að málefnið er bæði göfugt og gott öllum bræðrum til hagsbóta og heilla. Allir bræður eiga því að geta fundið hjá sér jákvætt viðhorf til þessa minjagrips.

Sala þessa fallega grips hefst um mánaðamót nóvember desember. Bræðranefndir stúknanna munu væntanlega verða tengiliðir Styrktarráðs varðandi sölu minjagripsins. Stúkur

utan Reykjavíkursvæðisins munu fá sinn skerf af söluandvirði. Nánari upplýsingar um verð og sölutilhögun verður hægt að fá á heimasíðu Reglunnar og aðalskrifstofu þegar salan hefst.

Það er von allra sem að þessu verkefni standa að undirtektir bræðra verði góðar og að salan effi sjóð Styrktarráðs sem hefur ærin verkefni á sinni könnu ekki síst í því ástandi sem ríkt hefur í samfélaginu að undanfögnu.

Sigurður Kr. Sigurðsson RMR



Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

LISTAVERK Í EIGU FRÍMÚRARAREGLUNNAR Á ÍSLANDI – 3. GREIN

Jóhannes Kjarval og Magnús Jónsson

Tvö ólík málverk, eftir tvo mjög ólíka listamenn, geta frímúrarabræður séð í almennu rými Frímúrarahússins í Reykjavík. Önnur er stór landslagsmynd eftir Jóhannes Kjarval, að öllum líkindum máluð 1947 eða 1948. Myndin er af Skagastrandarfjöllum með Spákonufell í fjarska og er á austurvegg í sal á fyrstu hæð Frímúrahússins. Hin, söguleg mynd eftir Magnús Jónsson prófessor, er á vegg efst í stigagangi að hátíðarsal.

Líkur benda til að báðir listamennirnir, sem voru frímúrarabræður, hafi gefið Frímúrarareglunni þessi verk sín.

Jóhannes Kjarval

Jóhannes Sveinsson Kjarval þarf varla að kynna fyrir nokkrum fulltíða Íslendingi. Svo þekktur er hann af verkum sínum og persónu.

Jóhannes var fæddur á Efri-Ey í Meðallandi hinn 15. október 1885. Hann ólst upp frá fjögurra ára aldri hjá skyldmönnum sínum í Geitavík í Borgarfirði eystri. Jóhannes tók ungur upp nafnið Kjarval, sennilega árið 1910, ásamt bræðrum sínum, Karel og Þorsteini.

Kjarval notaði þó fleiri nöfn. Á tímabili tók hann sér stundum nafn Albjarts Siklingsburs konungssonar

sem þekktur er úr sögum og ævintýrum. Og einnig átti hann til að skrifa sig upp á ítölsku „Giovanni Effrei“ (Jóhannes frá Efríey).

Skömmu eftir fermingu fór hann til sjós og þá þegar var hann farinn að nota hverja frístund til að mála. Fyrstu mynlistarsýningu sína hélt hann í Gúttó árið 1908 og hafði þá nánast engrar tilsagnar notið í listinni. Sýningin fékk þá umsögn í Lögréttu að það tvennt sem mest beri á sé „eðlisgáfan og lærdómsleysið“.

Árið 1912 fór Jóhannes Kjarval, eftir vetursdvöl í London, til Kaupmannahafnar og hóf skömmu síðar nám við Konunglega akademíuð og gekk þar undir lokapróf vorið 1918. Hann dvaldi á Ítalíu til árisins 1920. Frá árinu 1922 starfar Kjarval svo sem listmálari í Reykjavík. Listmálari Kjarval skrifaði óhemju mikið. Hann var áhugamaður um ljóðlist og vel að sér í íslenskum bókmenntum. Í dagblöðum birtust eftir hann greinar um nánast allt milli himins og jarðar, meðal annars um listsýningar, bækur, skipulagsmál, meðferð á dýrum og umgengni við náttúruna. Þá gaf hann út tæplega tuttugu bækur með sögum, ljóðum og bréfum sem hann myndskreytti sjálfur. Að auki var hann með eindæmum duglegur að

skrifa vinum og kunningjum bréf og kort með hlýrri kveðju.

Á fimmtugsafmæli Kjarvals 1935 var haldin yfirlitssýning á verkum hans í Menntaskólanum í Reykjavík. Með þeirri sýningu festi hann sig í sessi sem einn ástsælasti og virtasti listmálari þjóðarinnar. Vinsældir hans jukust og fjárhagurinn batnaði. Árið 1945 sýndi hann 41 mynd í Listamannaskálanum. Af þeim seldust 38 strax fyrsta klukkutímamann. Á hálfum mánuði sáu um 14 þúsund manns sýninguna, eða um þúsund gestir á hverjum degi. Þessi mikli áhugi endurspeglaði ekki aðeins aukinn áhuga á list Kjarvals heldur einnig breytingu sem var að verða á íslensku samfélagi.

Jóhannes Sveinsson Kjarval hlaut upptöku í Frímúrararegluna 21. janúar 1924 í St. Jóh. Stúkuna Eddu.

Jóhannes Sveinsson Kjarval lést 13. apríl 1972.

Magnús Jónsson

Dr. Theol. Magnús Jónsson prófessor fæddist í Hvammi í Norðurárdal 26. nóvember 1887. Hann fluttist þaðan norður að Mælifelli í Skagafirði vorið eftir með foreldrum sínum, séra Jóni Ó. Magnússyni og konu hans, Steinunni Þorsteinsdóttur, og ólst



Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

upp hjá þeim að Mælifelli og síðar Ríp. Æskuheimili Magnúsar var stórt og fjölmennt rausnarheimili með þeim menningarbrag, sem einkenndi bestu heimili landsins á þeim árum. Ungir menn voru þar jafnan við nám á vetrum, því séra Jón Magnússon þótti ágætur kennari. Hann kenndi sonum sínum báðum, Þorsteini (sem síðar tók sér höfundarnafnið Þórir Bergsson) og Magnúsi svo að segja allan skólalærdóm heima. Þegar Magnús lauk stúdentsprófi á tvítugasta aldursári vorið 1907 hafði hann aðeins setið einn vetur í Lærða skólanum. Magnús lauk embættisprófi úr Prestaskólanum 1911 og fékk ágætiseinkunn, en hana hafði aðeins einn maður fengið áður við skólann, séra Stefán Baldvin Kristinsson, prófastur á Völlum. Magnús hóf sama ár prestsskap og þjónaði í Winnepeg og Norður-Dakota. Árið 1915 var hann kosinn prestur á Ísafirði og gegndi þar prestsþjónustu til hausts 1917. Hann gerðist það ár háskólakennari í guðfræði og var það hans aðalstarf í 30 ár og þótti frábær kennari.

Í minningargrein sem Ásmundur Guðmundsson biskup ritaði og birtist í Kirkjuritinu segir: „Það hefir verið sagt um Magnús, að úr honum hefði mátt gjöra þrjá menn eða fleiri, og

væri hann til alls vel fallinn. Það var líka reynt. Mörg vandasöm ábyrgðarstörf hlóðust á hann, og sum fjarsskyld. Hann var alþingismaður í aldarfjórðung, 1921-46 og atvinnumálaráðherra 1942. Í útvarpsráði á annan áratug, formaður þess 1943-6 og 1953-6. Í bankaráði Landsbankans um fjölda ára og lengi formaður þess... Og þó er með þessu lítið meir en hálfsgöð sagan. Magnús prófessor var jafnframt mjög afkastamikill rithfundur og afreksmaður á því sviði. Efnið sem hann skrifaði um var einnig fjölbreytt, eins og vænta mátti. En Guðfræðiritin, hygg ég beri af... Eg hefi aldrei kynnst meiri athafnamanni. Hjá honum fór saman alefning andans og athöfnin þörf... Eg hygg að tveir meginþættir hafi haldið uppi lífi hans. Annar var listgáfa hans. Hann var skáld þótt hann fengist lítt við það að yrkja ljóð. Þegar hann talaði eða ritaði af mestri andagift, dró hann upp hverja myndina annarri skáldlegri. Hefði hann tamið sér ljóðagerð, er ég ekki í neinum vafa um það, að hann hefði orðið mikið og gott sálmaskáld. En hann orti í litum. Þóttu mér málverk hans fögur, og þeir, sem vit hafa á, telja þau hafa listrænt gildi. Er safn þeirra orðið mikið... Hann málaði margar trúarlegar myndir, m.a. Kristsmýndir.

Ýmsum þeirra mætti gefa sama nafn: Tilbeiðsla. Honum var ljúft að mála sigur ljóssins yfir myrkrinu, lífsins yfir dauðanum – komu Guðs ríkis. Í því sambandi vil ég vekja athygli á mynd hans af kristnitökunni á Alþingi árið 1000, og teldi ég vel fallið, að henni yrði ætlað rúm í fagurri, nýrri kirkju á Þingvöllum árið 2000.“

Málverk það sem er í eigu Frímúrarareglunnar sýnir Almannagjá með Ármannsfell í baksýn. Á Lögbergi standa menn í litlæðum og yfir þeim gnæfir Kristsmýnd sem kemur af himnum ofan. Að henni snýr ásjónu sinni meirihluti þingheims, en baki við hinum fornu goðum, sem þeysa á flótta burt úr gjánni með Óðin, Þór og Heimdall í broddi fylkingar. Hér gæti því verið um sömu mynd að ræða og Ásmundur Guðmundsson nefnir í minningargreininni.

Magnús Jónsson hlaut upptöku í Frímúrararegluna 22. desember 1919. Hann varð R&K 22. júlí 1951 í tengslum við stofnun Frímúrarareglunnar á Íslandi. Hann var ÆKR 1954-1958.

Magnús Jónsson lést 2. apríl 1958.


Ólafur G. Sigurðsson

Hver var fyrsti íslenski frímúrarinn?

eftir Þórð Óskarsson

Í aprílhefti 2011 af Frímúrararanum er grein um Grím Thomsen þar sem hann er sagður fyrsti íslenski frímúrarinn. Það þarf leiðréttingar við. Í 50 ára afmælisriti Frímúrarareglunnar á Íslandi, í góðri og fróðlegri grein eftir Þóri Stephensen R&K, nefnir hann þá Íslendinga og menn af íslensku ætt-erni sem gerðust frímúrarar á 18. og 19. öld. Hann nefnir fyrst og fremst þá sem gengu í frímúrarastúkur í Danmörku, en líka þá sem gengu í frímúrarastúkur annars staðar í heiminum. Hann vísar til þess í þessari skiptingu að dönsku stúkurnar séu hluti af hinu sænska frímúrarakerfi í dag eins og íslensku stúkurnar. Hins vegar kemur fram í 250 ára afmælisriti dönsku Frímúrarareglunnar að stúkur í Danmörku notuðust við enska frímúrarakerfið alveg fram á miðja 19. öld. Það er ekki fyrr en Friðrik VII tekur við, sem Generlastormester dönsku Frímúrarareglunnar árið 1849, að breytt er yfir í sænska frímúrarakerfið (fyrsta frímúrarastúkan er St. Jóh.st. Kosmos á Helsingjaeyri, stofnuð árið 1851) og fram að þeim tíma var notast við enska frímúrarakerfið og því engin ástæða til þess að gera greinarmun á þeim sem gerðust frímúrarar fyrir miðja 19. öld því allir voru þeir vígðir eftir sama frímúrarakerfi. Það var svo ekki fyrr en 5. janúar árið 1855 sem Z&F breytir hjá sér og byrjar að nota sænska frímúrarakerfið. Það er vel hugsanlegt að Grímur Thomsen hafi fyrstur Íslendinga verið tekinn í frímúrarastúku eftir sænska kerfinu árið 1858.

Fyrsti alíslenski maðurinn sem gekk í frímúrarastúku er Ólafur Loftsson árið 1809 og gerir Þórir Stephensen honum góð skil í áður-nefndu afmælisriti. Þórir Stephensen vill hafa Börge Riisbrigh Thorlacius fyrstan íslenskan frímúrara. Gera verður athugasemd við þá skilgreiningu að hann hafi verið Íslendingur. Börge var sonur Skúla Thorlacius og danskrar konu hans. Samkvæmt Íslenskum æviskrám eftir Pál Eggert




Ólafur Loftsson hefur hér tekið upp nafnið William eins og sjá má á skjölum.

Ólafsson fluttist Skúli 17 ára að aldri til Danmerkur og bjó þar næstu 57 árin uns hann lést árið 1815. Börge sonur hans á því íslenskan föður og danska móður. Börge fæddist í Danmörku, bjó þar alla sína ævi og dó þar án þess að hafa nokkru sinni komið til Íslands. Hann var því íslenskrar ættar að hálfu. Það er ekki hægt að fallast á þá skilgreiningu að segja hann Íslending frekar en t.d. að segja að þeir afkomendur Íslendinga sem fluttust til Vesturheims og settust þar að séu Íslendingar. Enda nefna þeir sig ekki sjálfir Íslendinga heldur Kanadamenn af íslenskum ættum. Hitt er óumdeilt að Ólafur Loftsson var Íslendingur í húð og hár. Það er því rétt og skylt að gera örlitla grein fyrir Ólafi Loftssyni, fyrsta Íslendingnum sem gekk í frímúrarastúku.

Það var á árinu 1994 að sagnfræðinemi við HÍ, Davíð Logi Sigurðsson, birti grein í tímaritinu Sagnir, sem er blað sagnfræðinema við HÍ, um Ólaf Loftsson. Sú grein vakti strax áhuga minn á að vita meira um þetta efni. Í sama tímariti árið 1996 birti Davíð Logi aðra grein um Ólaf. Þessar greinar voru vel skrifaðar og skemmtilegar. Sérstaklega var það eftirtektarvert að Davíð Logi, sem var þá rúmlega tvítugur að aldri og ekkert tengdur

frímúrurum, skyldi skrifa um þetta efni. Hann á heiður skilinn fyrir að vekja athygli á þessum fyrsta íslenska frímúrara. Ég hafði samband við Davíð Loga og fékk hjá honum gögn, sem hann hafði aflað sér í Skotlandi. Ég reyndi síðan í rúm 10 ár að fá frekari upplýsingar um Ólaf frá stúkunnar sem hann gekk í. Það var ekki fyrr en á þessu ári að fyrirspurnir mínar báru árangur.

Ólafur Loftsson fæddist 18. maí árið 1783 í Fljótshlíðinni, sonur hjónanna Lofts Ásmundssonar hreppsstjóra og konu hans Ingibjargar Ólafsdóttur. Loftur gegndi ýmsum virðingarstöðum í héraði og komst í sæmilegar álnir. Ólafur sem var einkabarn foreldra sinna þótti snemma hinn efnilegasti. Strax á barnsaldri bar á góðum gáfum hjá honum og sótti hann í bóklestur. Hann var settur í læri hjá embættismönnum í Fljótshlíðinni til frekari menntunar og búinn undir latínuskólánám. Sautján ára fór hann í Hólavallaskóla sem þá var aðalmenntastofnun landsins og stundaði nám þar árin 1800-1804. Hólavallaskóli stóð engan veginn undir nafni sem menntasetur og var í raun hin hörmulegasta stofnun. Kennsla var léleg, drykkjuskapur mikill og rektor ekki barnanna bestur í þeim efnunum og allur aðbúnaður



Gögn benda til að Ólafur hafi verið fyrsti íslenski frímúrarinn.

nemenda hinn versti. Enda fór svo að vorið 1804 var kennsla hætt í Hólavallaskóla, en hann fluttur á Álftanes og endurreistur sem Bessastaðaskóli haustið 1805. Ólafur naut þessara skólaára í Hólavallaskóla í botn við léttúðarlíf eins og við var að búast af tæplega tvítugum manni. Hann virðist hafa verið hrókur alls fagnaðar á því sviði og mikið kvennagull. Enda tókst honum að eignast sjö börn með sjö konum fyrir þrítugt og sumar barnsmæðurnar alknunar léttúðardrósir og lauslætiskonur. Það verður að hafa í huga að Reykjavík um aldamótin 1800 var mikið spillingarbæli og má líkja henni við hina frægu borg Sódómu. Ólafur skar sig því ekkert sérstaklega úr bæjarbragnum hvað siðferðið varðar. Þessi hnignun Hólavallaskóla varð til þess að Ólafur lauk ekki stúdentsprófi en gerðist lærlingur hjá nýjum landlækni, Klog að nafni, og er ekki að sjá annað en að landlæknir hafi haft miklar mætur á honum. Svo miklar að landlæknir sendi Ólaf til Kaupmannahafnar haustið 1807 til frekari menntunar í læknisfræði. Ólafur komst þó aldrei til Kaupmannahafnar. Á þessum tímum var ófriður milli Frakka og Englendinga og studdu Danir Frakka í þeim ófriði. Skipið sem Ólafur tók sér ferð með til Kaupmannahafnar hreppti óveður og neyddist til að leita vars á eyjunni Lewis á Suðureyjum.

Englendingar her-tóku skipið, áhöfn og farþega hið snarasta. Þeir sendu alla farþega og áhöfn til Edinborgar nema Ólaf. Sennilega hefur lækniskunn-átta hans útvegað honum dvalarleyfi ásamt því hvað hann kom vel fyrir, í það minnsta við fyrstu kynni. Sór hann Englendingum hollustueið, en fékk í staðinn að ganga frjáls um eyjarnar og stunda læknisverk. Ólafs er getið sem eins af „The Early Medical Men of Lewis 100-1918“ hjá Stornoway Historical Society. Þar segir m.a.:

„Dr. Olav Lopson (for Olafur Lopson b. 1783) was medical student travelling from Iceland to Copenhagen in 1809 when his ship put into Stornoway harbour to shelter during a storm. As Denmark was an ally of Napoleon, albeit a reluctant one, the authorities promptly seized the ship, crew and passengers. During his forced sojourn in Lewis, Lopson not only joined Lodge Fortrose but he also lent his medical skills to the local populace. He was indeed the first native Icelander to be a freemason“.

Ólafur talaði litla ensku ef nokkra í upphafi og átti aðeins nokkrar danskar krónur, sem voru einskis nýtar á þessum stað. Hann eignaðist vini á eyjunum og var í miklum metum í samfélaginu og er getið sem eins af læknum Stornoway í læknatali eyjunnar. Þeir sem hittu Ólaf virðast hafa hrifist af honum og ávann hann sér gott orðspor. Meðal þeirra var Sir Mackenzie barón í Rosssýslu á Skotlandi sem hreifst svo af Ólafi að hann ákvað að taka Ólaf undir verndarvæng sinn. Hann minnst fyrst á Ólaf í bréfi til Sir Joseph Banks 20. maí 1809. Hvort þessi kynni þeirra hafi leitt til inngöngu Ólafs í frímúrarastúkuna Lodge Fortrose No. 108 Stornoway verður ekkert fullyrt um. Hitt er staðreynd að Ólafur gengur í frímúrarastúkuna Fortrose No. 108 þann 29. ágúst 1809

og er skráður félagi þar númer 217. Sennilega hefur hann talið það sér til framdráttar að ganga í frímúrarastúku og þótt fínt að geta titlað sig frímúrara og er í takt við hegðun hans almennt. Þetta hefur hann gert til þess að ganga í augu manna erlendis. Á Íslandi á þessum tíma hefði enginn kannast við félagsskapinn og þótt lítið til titilsins koma. Það vekur furðu að aðeins örfáum dögum eftir inngönguna í frímúrarastúkuna yfirgaf hann staðinn alfarinn og tók aldrei þátt í starfi hennar né annarra frímúrarastúkna annars staðar svo vitað sé. Hóf hann svo nám við Edinborgarháskóla undir vernd velgjörðarmanns síns og er hægt að finna nafn Ólafs í registeri Edinborgarháskóla fyrir skólaárið 1809-1810. Þá hefur hann aðlagð nafn sitt enskri tungu og gengur undir nafninu William Lopston. Vitað er að hann sótti tíma í eðlis- og efnafræði samkvæmt skráum skólans og það gæti líka verið um fleiri fög að ræða, en á þeim tíma var ekki skráningarskylda á tímasókn við skólann. Mackenzie reyndist Ólafi mjög vel, í það minnsta í upphafi kynna þeirra. Reyndi hann m.a. að útvega Ólafi launaða vinnu við þýðingar á handritum sem Sir Joseph Banks áskotnaðist á ferðum sínum um Ísland og sennilega verið honum innan handar við kostnað vegna námsin við Edinborgarháskóla. Hafði Mackenzie Ólaf með sér sem leiðsögumann í leiðangri sínum til Íslands vorið 1810. Leiðangursfélagi Mackenzie, læknirinn Holland, segir frá því í ferðabók sinn frá leiðangrinum að Ólafur hafi hrifist svo af öllu, sem fyrir augu bar í Edinborg að hann hafi ákveðið að eyða ævinni í Skotlandi. Í upphafi leiðangursins báru Mackenzie og Holland mikið traust til Ólafs, sem þá var aðeins tuttugu og fjögurra ára. Þetta álit átti eftir að breytast mikið á hinn versta veg þegar leið á leiðangurinn og höfðu þeir megnust fyrirliðningu á Ólafi áður en leiðangrinum lauk. Var það allt sökum hegðunar og gerða Ólafs sjálfs þegar til Íslands var komið. Ólafur dalaði mikið í álitu hjá Mackenzie við nánari kynni og nokkrum árum síðar var Mackenzie spurður fréttu að Ólafi og svaraði hann því til að hann vissi ekkert um Ólaf en sennilegt þætti honum að Ólafur hefði verið hengdur í hæsta gálga og væri það honum mátulegt.

Það er skemmst frá að segja að Ólafur varð eftir á Íslandi þegar

Mackenzie hélt heim til Skotlands. Var hann mjög óvinsæll meðal landsmanna og hrökklaðist loks frá Íslandi haustið 1812. Dvaldist hann um hríð í Skotlandi, en þar átti hann konu og barn, en ekkert er vitað um afdrif hans nákvæmlega. Vitað er þó að hann ræðst árið 1815 á herskip í Ameríkusiglingar, sem aðstoðarskipslæknir. En hvaða herskip og hvar það herskip var staðsett er ekki vitað. Ég leitaði í áhafnaskrár stærstu herskipa Bandaríkjanna en fann ekkert um Ólaf. Eins leitaði ég í skrár fyrir fyrstu áratugi nítjándu aldar í Bandaríkjunum, bæði í innflytjendaskýrslum fyrir stærstu hafnirnar og skrár um látna, líka alveg án árangurs. Við leitina notaði ég algengustu nöfnin sem Ólafur gekk undir og þekkt eru, hann getur þess vegna hafa tekið sér eitt enn nafnið og af þeim ástæðum ekkert fundist. Í grein í Fálkanum, 35. árg 1962 1. tibl., um Ólaf kemur Jón Gíslason fram með áhugaverða athugasemd um að þrátt fyrir heimildaleysið um afdrif Ólafs séu sterkar líkur á að Ólafur hafi komist til Vesturheims og er þá fyrsti Íslendingurinn sem fer vestur um haf síðan á söguöld.

Ólafur er aðeins 32 ára að aldri þegar misstar eru sjónir á honum. Hafi honum enst lengri lífdagar er ekki ósennilegt að hann hafi komist í söguleg ævintýri eftir það.

Það er heilmikið um Ólaf að segja, sem ekki kemst fyrir í stuttri tímaritsgrein. Ég hef hugsað mér að semja erindi um skrautlegt líf Ólafs og fá að flytja það hjá fræðslustúkunni Snorra við tækifæri.

Heimildir

1. I guld og himmelblaot. 250 ára afmælisrit Frímúrarareglunnar í Danmörku.
2. Frímúrarareglan á Íslandi 50 ára.
3. Jón Gíslason: Fálkinn vikublað, 35. árg. 1962 1. og 2. tölublað.
4. A History of Lodge Fortrose No. 108, Stornoway eftir George Clavey.
5. Ljósrit úr fundarbók frímúrarastúkunnar Lodge Fortrose No. 108
6. Stornoway Historical Society, The early Medical Men of Lewis 177-1918.
7. Davíð Logi Sigurðsson: Sagnir, 15. árgangur og 17. árgangur
8. Ancestry.com Operations Inc.
9. Henry Holland: Dagbók í Íslandsferð.
10. Pál Eggert Ólafsson: Íslenskar æviskrár.



YAR Norðurlandanna. F.v. Pétur K. Eyrason Íslandi, Karl Jens Holmen Noregi, Lars Lindquist Svíþjóð og Jörn Nedergård Danmörku. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Norrænir YAR og ritstjórar funda á Íslandi

Um miðjan september var haldinn í Reykjavík árlegur fundur YAR og ritstjóra frímúrarablaðanna á Norðurlöndum og komu venju samkvæmt til fundarins gestir frá Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, auk gestgjafanna frá Íslandi.

Á fundinum var farið yfir fræðslumál í stúkunum á Norðurlöndunum og meðal annars komið inn á þá þróun sem á sér stað í þeim öllum að sífellt stýttist sá tími sem yngri bræður virðast hafa til að stunda stúkustarf. Þó horfa Svíar til þess að stofna nýja stúku í Stokkhólmi sem starfi á sunnudögum og einnig er vilji til þess að funda í stúku í hádeginu á virkum dögum.

Talsverð umræða skapaðist um netið, bæði heimasíður og Facebook en í öllum löndunum verður vart við þá tilhneigingu að fá meira rafrænt efni til dreifingar og aukna notkun bræðra á slíku efni.



Þátttakendur á fundi YAR og ritstjóra frímúrarablaðanna á Norðurlöndum skoðuðu minjasafnið meðan á fundinum stóð. Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Sigurður Ingólfsson

Ef maður hlustar

Þegar
einn tónn hverfur
fer sínfónían

einhvernveginn
á skjön.

Þessi
hljómkviða

sem ber í sér
þungarokk, djass
og alveg ofboðslega
góðan blús

og heyrir stundum
í orgeli himinsins

verður eins og
vandráðaleg.

En blessunarlega
ef maður hlustar
þá er þessi tónn

í sálinni manns.

Og hljómar
að eilífu.

Ef maður
hlustar.



Þann 19. september 2011 síðastliðinn, lést Ágúst Ármann Þorláksson, söngstjóri St. Jóh.st Vöku. Ágúst Ármann var fæddur á Eskifirði þann 23. febrúar 1950. Hann gegndi embætti söngstjóra Vöku 1994 til 2010 þegar hann var kosinn varamestari Vöku. Ágúst Ármann var tónlistarkennari og tónlistarmaður af Guðs náð og verður sárt saknað af bræðrum og öllum þeim sem komu eitthvað nálægt tónlist á Austurlandi Til dæmis þá var hann einn af stofnendum Blús-, rokk- og djassklúbbsins á Nesi (Brján) sem starfað hefur í meira en tvo áratugi. Ágúst hlaut menningarverðlaun Sambands sveitarfélaga á Austurlandi árið 2007. St. Jóh.st. Vaka vottar aðstandendum og vinum samúð sína.





Ljósmynd: Margrét Hallmundsdóttir.

Ráðgáta um hring

Fornleifafræðingar tengja forngrip frá Þingvöllum við Frímúrararegluna



Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.

Við fornleifarannsókn á Þingvöllum vorid 2009 fannst forláta gullhringur. Hann var í svokölluðu aðfluttu jarðlagi framan við Þingvallakirkju með ýmsum öðrum gripum.

Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, sem stjórnaði uppgreftinum, segir að það geti þýtt að hann hafi týnst annars staðar.

En hver týndi honum og hvenær?

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur telur næsta líklegt að hann sé frá 18. eða 19. öld og sé jafnvel frímúrara- eða regluhringur, trúlega frá Bretlandseyjum.

Margréti finnst tilgáta Vilhjálms Arnar ekki út í bláinn og segir í samtali við Frímúrarann að hún taki hugleiðingar hans upp í skýrslu sinni um fundinn, en skýrslan hefur ekki enn verið gefin út.

Innsiglihringur

Margrét segir að hringurinn hafi legið í dökkri fyllingu milli hellulaga vestan við kirkjuna sem samanstóð af sandi og vatnssorfnunum smásteinum, ólíkt jarðlögunum í kring. Þar hafi verið mikið af ýmsum öðrum gripum, svo sem nöglum og leirkersbrotum.

Anton Holt, safnvörður hjá Seðlabanka Íslands, skoðaði hringinn.

Hann taldi að hringurinn hefði verið borinn á litla fingri, hann væri svo smár, enda lenska að hafa „signethringa“ á litla fingri.

Gullið væri 12 karöt (50% gulls) eins og stimpill í honum innanverðum bæri með sér.

„Steinninn er af gerðinni „heliotrop“, stundum nefndur blóðsteinn. Þetta er tiltölulega mjúkur hálfeðalsteinn og oft notaður í innsigli,“ skrifar Anton í bréfi til Margrétar.

Segist hann túlka það sem á honum stendur sem „F“ og „I“ (J) og skreytingu sem gæti átt að mynda kórónu.

„Þá er aðeins eftir stóra spurningin, hver var FI (J)? Mín tillaga, sem er ef til vill ekki alveg út í hött, er að þetta sé hringur Finns Jónssonar biskups (1754-1785). Þetta gæti passað en mér finnst hringurinn frekar hafa það yfirbragð að vera frá um 1800, en ég hef ekki samanburð, hvorki máli mínu til stuðnings né öfugt.“

Alfa og Omega

Vilhjálmur Örn fjallar um fund þennan á vefsíðu sinni Fornleifur (fornleifur.blog.is). Þar segist hann ekki vera sammála sérfræðingi Seðlabankans um áletrunina sem skorin er í stein hringsins.

„Í stein hringsins er skorið ω og I sem ekki þýðir neitt annað en Alfa, Omega Ω (með litlum staf)



Útfærsla Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar fornleifafræðings á hringnum þar sem hann telur sig sjá Alfa og Omega og Jesú auk skammstöfunar fyrir Veni, Vidi, Vici. Á neðri myndinni er sami hringur án þess að dregið sé í lettrið og skrautið. Ljósmynd: Þjóðminjasafn Íslands.



Hver var Finnur Jónsson?

Finnur Jónsson (16. janúar 1704 – 23. júlí 1789) var biskup í Skálholti, næstsíðastur í röð biskupa sem þar sátu. Finnur var sonur Jóns Halldórssonar, prófasts og sagnaritara í Hítardal og konu hans, Sigríðar Björnsdóttur. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum í Hítardal, varð stúdent frá Skálholtsskóla og sigldi síðan og lærði í Kaupmannahafnarháskóla. Hann varð svo prestur í Reykholti 1732. Finnur var stiftprófastur í Skálholtsbiskupsdæmi 1743-53 og síðan biskup þar 1754-85. Hann mun hafa verið tregur til að taka við biskupsembættinu, einkum vegna umsýslu og ráðsmennsku sem því fylgdi, en þótti þó standa sig vel í þeim efnum. Hann var röggSAMUR stjórnandi en tók oft vægt á smærri málum.

Finnur var mikill fræðimaður eins og faðir hans og ýmsir ættmenn og hlaut árið 1774 doktorsnafnbót í guðfræði, fyrstur Íslendinga. Hann skrifaði *Historia Ecclesiastica Islandiæ*, rit um kirkjusögu Íslands á latínu sem kom út á prenti í Kaupmannahöfn 1772-1778. Hann lét eftir sig fjölda annarra rita, prentaðra og óprentaðra, einkum um guðfræði og kirkjusögu. (Wikipedia)



Ferðalangur, líklega í Þingvallakirkju, þveginn af tveimur yngismeyjum.

og Iesus, skrifað upp á grísku. Skammstöfun fyrir Jesúm, Upphaf-ið og Endinn.“

V-in þrjú séu ekki broddar á kór-ónu heldur skammstöfun fyrir Veni, Vidi, Vici.

„Þessi fleygu orð Cæsars hafa oft verið tengd Jesús, sem kom sá og sigraði.“

Svo dregur hann þá ályktun að hringurinn sé frá 18. eða 19. öld „og gæti jafnvel verið frímúrara- eða regluhringur,“ sem fyrr segir.

Tilfinning segi honum að hann sé upprunninn á Bretlandseyjum.

Á heimasíðunni er Vilhjámur Örn spurður hvers vegna hann tengi hringinn við Frímúrara-regluna.

„Frímúrara- hafa notað Alfa og Omega“, svarar hann.

Breskur frímúrari á ferðalagi

Þarf því ekki að vera að Finnur Jónsson biskup hafi týnt hringnum á Þingvöllum heldur gæti það hafa



Erlendum gestum og tignarfólki var oft boðið að gista í kirkjum og fóru þeir þá líklega úr öllu þegar þeir gengu til náða. Kannski hafa þeir drukkið koníak til að hita sér. Þá týna menn gjarnan hringjum. Þannig gæti þetta hafa gerst.



verið breskur gestur úr Frímúrara-reglunni.

Væri það þá elsta merki þess að hér hefði verið frímúrari á ferð.

Úr þessu fæst sjálfsagt seint skorið en hringurinn er forvitnilegt rannsóknarefni fyrir því og Margrét Hallmundsdóttir segist fagna öllum skynsamlegum tilgátum.

En hvernig fór viðkomandi að því að glata þessum gullhring sínum?

Enn býður Vilhjálmur Örn upp á skýringu:

„Erlendum gestum og tignarfólki var oft boðið að gista í kirkjum og fóru þeir þá líklega úr öllu þegar þeir gengu til náða. Kannski hafa þeir drukkið koníak til að hita sér. Þá týna menn gjarnan hringjum. Þannig gæti þetta hafa gerst.“

Birtir hann svo þá frönsku mynd, sem sjá má með þessari grein, sem sýnir íslenskar yngismeyjar þvo ferðalangi hátt og lágt áður en hann gengur til náða í kirkjunni – og minnir hann að myndin eigi að vera úr kirkjunni á Þingvöllum.

Þór Jónsson

Tæknin, nútíminn og frímúrarastarfið

Það er engum blöðum um það að fletta að við lifum á hátækniöld, og að aðgengi okkar að víðtækum upplýsingum á augabragði hefur aldrei verið betra. Hvað þýðir þetta fyrir frímúrara og störf þeirra?

Í fyrsta lagi þýðir tæknibyltingin stórbætt aðgengi að alþjóðlegum heimasíðum um frímúrarastarfið, sögu þess og merkingu. Það er óhætt að segja að hér er um auðugan garð að gresja fyrir fróðleiksfúsa, hægt að finna allt frá fræðsluerindum og lærðum sögugreinum til vangaveltna einstakra frímúrara um starfið, auk auðvitað hefðbundinna samsæriskenninga um heimsyfirvöld og meintan klíkuskap og mannvönsku frímúrara.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að töluvert af því sem skrifað er um frímúrarastarfið er einfaldlega ekki rétt, eða afgangi í meðferð, auk þess sem sænska kerfið sem við stundum hér er frábrugðið öðrum á margan hátt, og töluvert af þeim fróðleik sem finna má, á því ekki við um okkar starf og siði.

Opinberar heimasíður þeirra frímúrarareglana sem iðka frímúrarastarf samkvæmt sænska kerfinu eru flestar mjög vel gerðar og fróðlegar, og geta verið afar gagnlegar þeim sem auðveldlega lesa eitthvað af skandinavísku málunum.

Þar eru seldar bækur um sögu frímúrarastarfsins og uppruna þess í Skandinavíu, og þar er yfirleitt hægt að nálgast tímarit sambærileg þessu hér á pdf-sniði, auk upplýsinga um fundi og stúkur.

Eins og þið hafið vonandi tekið eftir, er nú hægt að nálgast þetta blað á stafrænu sniði á heimasíðunni okkar. Á heimasíðunni er þar að auki í auknum mæli að finna myndir og lýsingar frá atburðum sem frímúrarar skipuleggja utan hefðbundins starfs, og þar er alltaf hægt að ná í upplýsingar um fundi og starfsskrá okkar. Þetta er auðvitað gert til aukinna þæginda fyrir bræður.

Á Facebook, sem verður að teljast vinsælasti samfé-

lagsmiðill okkar tíma, er nú að finna fjölmarga hópa frímúrara, nánast hver einasta landsregla á sér síðu þar sem bræður geta þjappað sér saman á stafrænum vettvangi, meldað sig saman um fundarsókn og vakið athygli á ýmsum smáhlutum tengdum starfinu.

Á meðan þessum nýjungum má fagna sem enn einu tækini til þess að treysta bræðraböndin, eykst auðvitað hættan á því að á einhverjum af þessum síðum komi fram hlutir sem eiga að haldast innan veggja stúkustarfsins.

Í kringum þetta hefur skapast nokkur umræða, meðal annars á Facebook-síðu íslenskra frímúrara, og sýnist sitt hverjum.

Hér er mikilvægt að líta á eina algilda staðreynd: Allt sem fer á internetið er þar, og verður þar áfram.


Enginn vettvangur á netinu er svo lokaður og læstur að líta megi á hann sem öruggan fyrir umræður sem tilheyra okkar innra frímúrarastarfi. Því eiga þær alls ekki heima þar. Þetta er ekkert flóknara en svo.

Á móti kemur að frímúrarareglan er ekki leynifélag, hluti af okkar starfi er algerlega opinber, og erfitt er að finna eitthvað því til foráttu að bræður umgangist á þennan hátt, sé ítrustu varúðar gætt.

Framtíðin er spennandi fyrir tækniáhugamenn í okkar röðum. Rafrænar skráningar á fundi tíðkast nú í auknum mæli í nágrennanlöndunum og sænska frímúrarareglan hefur nýlega gefið út smáforrit sem inniheldur starfsskrá og fundarupplýsingar til þess að auðvelda bræðrum að skipuleggja fundarstarf sitt í símanum.

Öllum þeim nýjungum sem ýta undir aukið samneyti bræðra og betra og skilvirkara fundarstarf ættum við að taka fagnandi, en sýnum varúð í öllum netsamskiptum okkar, og stöndum vörð um veru hver annars þar.

Pétur S. Jónsson



Eins og sjá má er nægur efniviður um Frímúrararegluna á Netinu. 17.800.000 síður komu upp við fyrstu leit.



Ljósmynd: Jón Svavarsson.

Stólmeistarafundur í september

Valur Valsson, SMR, boðaði til Stólmeistarafundar í Regluheimilinu í Reykjavík þann 23. september sl. Slíkir fundir hafa verið haldnir með reglulegu millibili um árabil enda góður siður að stólmeistarar beri saman

bækur sínar og að hljóði á bræður úr ÆSR. Fundurinn var vel sóttur og var góður rómur gerður að framsögum þeim sem þar voru fluttar. Óhætt er að segja að fjörugar umræður hafi orðið í matarhléinu um margvísleg málefni

einstakra stúkna sem og Reglunnar í heild.

Við þetta tækifæri var myndin hér að ofan tekin en þar má sjá SMR, ásamt bræðrum úr ÆSR, Stm. og Stj. br.

Afmælisfundur Mælifells á Sauðárkróki

Fjöldmenni var á glæsilegum afmælisfundi St. Jóh.st. Mælifells á Sauðárkróki í vor. Mikið var um dýrðir enda var 10 ára afmæli stúkunnar fagnað. Mælifell varð bræðrafélag í október 1967 en rúmum þremur árum síðar varð bræðrafélagið svo að fræðslustúku. Mælifell varð svo St. Jóh. st. 6.5. 2001 og er nr. 13 í röðinni.

Á fundinum var þeim Sigurði Hansen, Einari Haraldi Esrasyni og Einari Birni veitt heiðursmerki St. Jóh. st. Mælifells.



Á afmælisfundi Mælifells var þeim Sigurði Hansen, Einari Haraldi Esrasyni og Einari Birni veitt heiðursmerki St. Jóh. st. Mælifells. Með þeim á myndinni er Sveinbjörn Ólafur Ragnarsson, Stm. Mælifells.

Ljósmynd: Jón Svavarsson.



Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölið er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin. Hafragrautur úr Ota



Solgryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN



Frá bræðrastofunni. Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

Hugleiðingar um bræðrastofuna

Það var undir haust að við settumst niður, nokkrir bræður úr Eddu og fórum að velta fyrir okkur tilgangi bræðrastofunnar. Þegar við vorum búnir að sitja og ræða þetta í þó nokkra stund vorum við eiginlega komnir með stærri spurningu fyrir framan okkur. Hver er tilgangurinn með Frímúrarareglunni? Við vitum allir hvert svarið er við því, er það ekki? „Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.” Þessu náum við fram með ýmsum hætti, t.a.m. fundarsetu, lestri á ritum sem auka skilning okkar á starfinu og einum mikilvægasta þættinum að mínu mati, samverustundum með bræðrunum utan funda.



Kaffi og með því er afgreitt með bros á vör. Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

Þessar samverustundir geta verið af mismunandi toga, við í Eddu hittumst t.d. reglulega yfir sumarið í gönguferðum, útilegum og öðrum samverustundum. En það vantar samt eitthvað upp á, það vantar að geta sest niður í góðu tómi með bræðrum okkar, utan funda. Það

vantar athvarf til að ræða lífsins mál, sýn okkar á regluna, enska boltann og það hvort okkur finnst Harpan vera fallett hús eða ekki. Það vantar betri félagsaðstöðu, betri bræðrastofu.

Núverandi bræðrastofa í Reykjavík er komin til ára sinna og er hún á efstu hæð í lyftulausu húsi við Borg-

artún. Frá því að bræðrastofan var tekin í notkun hefur hún tekið litlum breytingum. Það er bræðrastofunni til töluverðs vansa að þar er ekki lyfta. Eldri bræður eiga oft erfitt með að fara upp þær þrjár hæðir sem þarf að ganga upp til að komast upp í bræðrastofu.

Nú er það þannig að bræðrastofan er opin alla virka daga frá 15-17 og á sunnudögum kl. 10-12. Mætingin á virkum dögum er að jafnaði um 15-20 manns. Flestir eru það eldri bræður sem hættir eru að vinna og er það fastur liður í tilveru þeirra að mæta í bræðrastofuna. Á sunnudögum tengist opnunin bókasafninu og þá mæta fleiri, en að sama skapi sitja menn ekki lengi á bræðrastofunni, því mestur tíminn á sunnudögum fer í lestur. Tími bræðranna til samskipta er því lítill.

Ef við skoðum tímana sem bræðrastofan er opin á, er þetta ekki heppilegur tími fyrir vinnandi bræður og alls ekki bræður með börn. Á tímabilinu 15-17 eru flestir enn í vinnu eða þá á leiðinni heim, með viðkomu í búð, leikskóla, skóla eða að sækja krakkana í íþróttir. Sunnudagar eru þó ögn skárri, en sökum þess að bókasafnið er opið nánast á sama tíma, eða frá 10-11:30, þá næst í raun bara hálf tími þar sem bræðurnir geta sest niður og spjallað. Einnig er það þannig að á sunnudögum þurfa menn oft að velja milli þess að sækja kirkju eða að mæta í bræðrastofuna.

Nú komum við aftur að spurningunni sem lagt var upp með „Hver er tilgangur bræðrastofunnar?“ Okkar skoðun er sú að tilgangur bræðrastofunnar sé að þjóna sem vettvangur fyrir bræður til að hittast utan funda og njóta samvista hver við annan og með þeim hætti „auka bróðurþel þeirra á meðal“.

Það mætti vel taka bræðrastofuna og breyta henni örlítið, gera hana meira aðlaðandi. Hornsófi og kaffiborð, Fréttablaðið, Mogginn og kannski nýjustu frímúraratímaritin liggi þar frammi. Jafnvel mætti setja þar sjónvarp svo menn gætu hist yfir leikjum og rætt lífsins gagn og kúnstir.

Hvernig væri að prófa t.d. hádegisopnun nokkrum sinnum í mánuði? Það gæti jafnvel verið hægt að hafa „súpuhádegis“. Þá gætu bræður



Málin rædd og krufin. Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

komið milli t.d. 11:30 og 13 fengið sér súpu og brauð fyrir hóflegt gjald og spjallað.

Einnig mætti skoða það að vera með kvöldopnun einhverja daga, þ.e. kannski frá 19:30-21:30. Það er tími sem myndi a.m.k. henta yngri bræðrum betur, þar sem búið er að sinna heimilisskyldum og koma börnum í háttinn um þetta leyti. Einnhver regluheimili hafa stigið skref í þessa átt og hafa bókasöfn sín opin á kvöldin og þá oftast en ekki bræðrastofunnar með. Þarna má t.a.m. nefna Keflavík, Sauðárkrók, Ísafjörð og Selfoss.

Varðandi opnunartímann mætti líka vel hugsa sér að hægt væri að treysta bræðrum fyrir lykklum/lyklakortum að bræðrastofunni. Þetta mætti t.d. fylgja þegar menn tækju 3°. Það hlýtur að vera hægt að treysta bræðrum fyrir því að ganga vel um. Ef lykklakort eru notuð er hægt að sjá hver fór inn í húsið, hver fer síðastur út og svo framvegis. Jafnvel mætti nota sömu kort til skráningar á fundi, í mat og fleira.

Við teljum að ástæða þess að yngri bræður mæta illa á fundi og í annað starf stúknanna, a.m.k. finnum við fyrir því hjá Eddu, sé sú að starfið er ekki nógu aðlaðandi utan fundanna. Það þarf að gera Frímúrararegluna

að því bræðralagi sem hún á að vera en ekki eingöngu fundafélagi. Frímúrararbræður heilsast á fundum en þekkjast svo varla úti í hinum ytra heimi. Það þarf að bæta úr þessu og öflug bræðrastofa er vettvangur til að hefja það starf. Öflug bræðrastofa á að þjóna sem félagsheimili fyrir bræður, til að hittast utan funda.

Það má ekki skilja okkur sem svo að við séum hér eingöngu að gagnrýna, því starfið er jú undir okkur sjálfum komið. Við fáum út, það sem við leggjum inn og auðvitað eru það bræðurnir sjálfir sem þurfa að vera duglegir við að mæta á bræðrastofuna og skapa þar andrúmsloft sem er eftirsóknarvert. Það sem við erum að velta upp, er hvort hægt sé að búa til betri aðstöðu til að auðvelda okkur verkið.

Við vonum að þessar hugrenningar okkar um bræðrastofuna virki hvetjandi á bræðurna til að mæta vel, bæði á bókasafn og í bræðrastofuna og styrkja enn frekar tengslin sem mynda bræðralag frímúrarara.

*Haraldur Eyvinds Þrastarson
Hlynur Þór Hjaltason*

Mallet, fundarhamar

Reglan er talin eiga upptök sín meðal gilda, eða steinsmiða fyrr á öldum.

Stúkuhús eins og við þekkjum þau í dag voru reyndar ekki til og var því hist á krám eða veitingahúsum þar sem menn gerðu uppdrætti sína á gólfum eða veggjum og að sjálfsögðu þurftu menn að stýra fundum með fundarhömrum. Talið er nokkuð víst að menn notuðu sín daglegu verkfæri eða hamra til að stjórna fundum. Þessir hamrar eru nokkuð frábrugnir þeim sem við eigum að venjast í dag. Yfirleitt voru þetta hnallar úr timbri með skafti, sem reyndar eru ennþá notaðir af steinsmiðum nú til dags, þrátt fyrir tækni nútímans. Þeir voru líka margir vafðir með leðri eða öðru efni til að dempa hljóðið frá höggunum. Minjasafnið á nokkra gamla hamra sem notaðir hafa verið á fundum hér í árdaga, bæði úr timbri og gleri. Þeir eiga það sameiginlegt að vera líkir þessum gömlu hnöllum þó örlítið breyttir séu.

*Ljósmyndir:
Guðmundur Skúli Viðarsson.*



Kjulla úr fílabeini sem ríkur Skoti gaf St. Jóh.st. Eddu 1930. Hann heimsótti stúkuna 1930 og var svo hrifinn af starfinu að hann sendi þessa kjullu ásamt múrslEIF úr silfri sem notuð var við lagningu hornsteins nýju byggingarinnar.



Lítill sérkennilegur fundarhamar, „mallet“ úr gleri frá stúkunni Harmony Lodge Nr. 290. Í Skotlandi nota bræður venjulega kjullur eða hnalla en ekki hamra eins og við og venjulega eru það trékjullur. Þessi gripur er gjöf frá dánarbúi Sigurðar Þórðarsonar endurskoðanda en br. Sigurður fékk kjulluna að gjöf frá gömlum skoskum vini sínum og bróður.



Kjulla frá Stórstúkunni á Möltu. Á botni hennar er Möltukrossinn. Jón Þór Hannesson, fv. minjavörður Reglunnar, færði safninu hana, en honum var gefin kjullan þegar hann tók við staðfestingu sem fulltrúi Stórstúkunnar á Möltu hér á landi.



Frá Minjasafni Reglunnar

*Einar Thorlacius
minjavörður*





Miele

Farðu alla leið með Eirvík

Innréttingar og eldhústæki

Hannað af alúð og framleitt af þýskri nákvæmni.
Ráðgjöf, hönnun og uppsetning allt á einum stað.
Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur.



bulthaup

Häcker
kitchen.germanMade.

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



TENGI

Ifö

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ
- ÞAÐ ER TENGI

www.tengi.is

Opnunartímar bókasafna Reglunnar

Reykjavík:
Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Akureyri:
Þriðjudaga kl. 17.00 – 18.30
Sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Ísafjörður:
Mánudaga kl. 8.00 – 10.00 þegar ekki eru fundir
Sunnudaga kl. 10.00 – 12.00

Hafnarfjörður:
Mánudaga kl. 19.00 – 20.30
Laugardaga kl. 13.00 – 14.30, sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Akranes:
Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30, sunnud. kl. 10.00 – 11.30

Keflavík:
Fimmtudaga kl. 20.00 – 22.00, sunnudaga kl. 10.00 – 12.00

Selfoss:
Mán., þrið. og mið. kl. 17.00 – 18.30
Laugardaga kl. 15.00 – 17.00, sunnudaga kl. 10.00 – 11.30

Sauðárkrókur:
Alla þriðjud., þá daga sem ekki eru fundir, kl. 20.00 – 21.30
Frá kl. 17.30 þá daga sem fundir eru

sbk
Hópferðir • Keflavík Coaches
www.sbk.is

SI RAFLAGNIR VERSLUN
Ahlíða rafagnir • heimilistæki
Sportvörur • Gjöfvarður • Skólavörur

Hlíðarsíni 2 • 250 Garð
Sími 422 7103 • GSM 892 9812 • tölvupóstur: raf@centum.is

SHBA
SÍMI 421 4546
FRAMNESVEG 2A
REYKJANESBÆR

Rafvík
Verktakar ehf.
Valþór 6979797
Arnóddur 8990552
www.rafvik.is

Nesprýði
www.nesprydi.is

NY SPRAUTUN
BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

KORTA ÞJÓNUSTAN
www.korta.is

KJARNAFÆÐI
www.kjarnafaedi.is

Bananar ehf.
www.banamar.is

Ekran
www.ekran.is

HS ORKA HF
www.hsorka.is

mbl.is



- Úrval kjólfata
- Kjólshyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjú áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurþór Þorláksson, Bóbo

Sigurþór Þorláksson (Bóbo)



Kjólföt

- Fjórðing í glæsileika

karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033

In memoriam

Bræður horfnir til Austursins Eilífa

28.10.2010-24.10.2011

Alexander Alexandersson – Mímir X
F. 28.03.1930, D. 11.11.2010

Ágúst Björnsson – Glitnir X
F. 16.02.1938, D. 29.05.2011

Ágúst Ármann Þorláksson – Vaka IX
F. 23.02.1950, D. 19.09.2011

Árni Kristinn Þorsteinsson – Gimli X
F. 05.03.1922, D. 17.09.2011

Bragi Guðráðsson – Hamar X HMR
F. 29.03.1932, D. 26.03.2011

Einar Fr. Jóhannesson – Rún IX
F. 18.08.1930, D. 29.08.2011

Einar Hafsteinn Guðmundss. – Sindri X
F. 09.02.1924, D. 21.11.2010

Elfar Berg Sigurðsson – Mímir VIII
F. 21.03.1939, D. 18.02.2011

Erlingur Björnsson – Mímir X
F. 04.02.1936, D. 16.01.2011

Erlingur Þráinn Jóhannsson – Gimli X
F. 10.10.1944, D. 27.11.2010

Finnur Jónsson – Gimli IX
F. 08.04.1937, D. 25.08.2011

Friðrik J. Friðriksson – Mælifell X
F. 17.02.1923, D. 11.06.2011

Guðni Olafsson – Edda X
F. 08.10.1924, D. 01.10.2011

Hermann Stefánsson – Rún X
F. 30.10.1926, D. 29.11.2010

Hjalti Eyjólfsson – Gimli IX
F. 17.04.1929, D. 20.02.2011

Jóhann Georg Möller – Edda X
F. 07.02.1920, D. 26.02.2011

Jón E. Aspar – Rún X
F. 24.01.1925, D. 18.11.2010

Karl Jónsson – Mímir X
F. 12.12.1919, D. 01.05.2011

Karl Sigurður Njálsson – Sindri X
F. 17.03.1936, D. 20.10.2011

Kjartan Sölvi Einarsson – Rún IX
F. 13.09.1933, D. 02.01.2011

Kolbeinn Ingi Kristinsson – Röðull X
F. 01.07.1926, D. 30.11.2010

Kristinn Oddsson – Edda X
F. 17.05.1933, D. 07.01.2011

Ottó Einar Jónsson – Akur IX
F. 31.12.1936, D. 30.12.2010

Páll Ásgeir Tryggvason – Edda X
F. 19.02.1922, D. 01.09.2011

Rafn Hafnfjörð – Mímir X
F. 21.12.1928, D. 21.05.2011

Ragnar Borg – Edda X
F. 04.04.1931, D. 15.06.2011

Ragnar Jóhann Guðjónsson – Edda X
F. 12.11.1940, D. 02.02.2011

Ragnar Valdimarsson – Gimli IX
F. 08.07.1945, D. 14.12.2010

Sigurður Ingimundarson – Akur VII
F. 25.01.1934, D. 18.07.2011

Sigurður Markússon – Glitnir VII
F. 16.09.1929, D. 23.08.2011

Stefán Jóhannsson – Edda III
F. 12.08.1924, D. 10.01.2011

Stefán Jónsson – Edda X
F. 06.01.1931, D. 08.08.2011

Steindór Hjörleifsson – Gimli IX
F. 25.04.1938, D. 06.01.2011

Vilhelm Kristinsson – Glitnir X
F. 04.07.1920, D. 04.11.2010

Þorbergur Kr. Friðriksson – Sindri X
F. 18.10.1923, D. 28.08.2011

Þormóður Torfason – Röðull VII
F. 26.06.1918, D. 07.04.2011

Fagmennska í tímans rás



Michelsen úrin eru sérframleidd í númeruðu og takmörkuðu upplagi.



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

SÉRFRÆÐINGAR Í

SAGE



SIMMS.



Veiðihornið
er Simmsbúðin

SIMMS VÖDLUPAKKI

Hágæða, léttar
öndunarvöðlur og
sterkir skór.
Láttu þér líða
vel!

Aðeins

49.900,-

Veiðihornið
er Sagebúðin

Nýja VXP stöngin
sem allir eru að
tala um og allar
hinar vinsælu
Sage flugustan-
girnar.

Sage Vantage
aðeins frá
44.900,-



VEIÐIHORNIÐ

Metnaður okkar er að þjónusta viðskiptavini af þekkingu og reynslu og tryggja þeim ánægjulega og árangursríka veiðiferð.

MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN OKKAR